

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til nefndar þeirrar, er skipuð var með konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. 1861, til að segja álit sitt og uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins, viðvíkjandi skuld hins lærða skóla á Íslandi til hins almenna skólasjóðs.

1862.
4. febrúar.

Fyrir ýmisleg gjöld, er borguð voru úr hinum almenna skólasjóði fyrir skólann á Íslandi árin 1844—48, hefir skólinn komizt í skuld við sjóð þenna, og var sú skuld við lok fjárhagsársins 1861 að upphæð 21,861 rd. 20 sk.

Um lúkning skuldar þessarar skrifadist þetta stjórnarráð á við fjárstjórnina árið 1849, en með því málið ekki varð útkljáð

að sigla á aðrar hafnir á landinu, og þá hverjar; hvort hann eigi rétta heimting á hálfu gjaldi á hverjum þeim stað í sinu lögsagnarumdæmi, þar sem skipið affermir eður hleður, jafnvel þó það einnig affermi eður hláði í öðrum lögsagnarumdæmum, og hvort hann ókeypis eigi að rita á skjöl þess skips, sem kemur á einhverja höfn í annað skipti á sömu ferð, til þess að afferma þar eður hláða, en hefir, síðan það kom þar næst á undan, farið á aðrar hafnir.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjorið það sýslumanni, að eins og það er vitaskuld að hann, jafnskjótt og skipaskjölin eru sýnd honum, getur krafizt þess, að skipstjórinn skýri honum frá, hvort hann ætli að sigla á nokkra höfn utan þess lögsagnarumdæmis og leggja þar upp nokkuð af farmi sínum, eða flytja þar vörur á skip sitt, þannig leiðir það og berlega af því, sem fyrir er mælt í bréfi dómsmálastjórnarinnar 30. júnim. 1857, sem tilkynnt var öllum amtmönnum á Íslandi þeim til leiðbeiningar, að hvort sem skipið kemur á fleiri en eina höfn í sama lögsagnarumdæmi, eður optar en einu sinni á sömu ferð kemur á sömu höfn, ber að eins að greiða sýslumanni einu sinni hált gjald, svo framarlega sem einnig er eitthvað flutt úr skipinu eður í það í öðru lögsagnarumdæmi.

1862. hefir fê þetta verið tilfært á ári hverju í skólareikningunum sem
4. febrúar. ógöldin skuld.

En með því vakið hefir verið máls á því á ný, í athugasemdum þeim, er rannsóknarmenn ríkisreikninganna hafa gjört við skólareikningana árið 1859, að skil verði gjörð fyrir skuld þessari, hefir stjórnarráðið á ný ritað fjárstjórninni um málefni þetta, og hefir fjárstjórnin í svari sínu 13. desemberm. f. á. lýst yfir, að hún yrði að álíta hagfelld, að það yrði tekið til greina við þá íhugun um fjárhags samband Íslands og konungsríkisins, sem nefndinni er boðið að gjöra í konunglegri umboðsskrá 20. septemberm. f. á.

Um leið og stjórnarráðið skýrskotar til ýtarlegrar frásagnar um allt efni málsins, sem er í meðfylgjandi skýrslu, dagsettri 21. febrúarm. 1849, frá þeim manni, er þá var forstöðumaður annarar deildar þessa stjórnarráðs, og til þeirra athugasemda, sem forstöðumaður fyrstu deildar fjárstjórnarinnar hefir gjört þar á móti í skýrslu dagsettri 8. júním. s. á., er einnig fylgir bréfi þessu, skorar stjórnarráðið á nefndina, að yfirvega málefni þetta, og segja síðan um það álit sitt; og fylgja einnig bréfi þessu til ýtarlegrar skýringar málsins nokkur önnur skjöl, sem nefndin er beðin að senda aptur, þegar búið er að nota þau, ásamt þeim tveim skýrslum, sem að ofan er getið.

8. febrúar. **5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ferðastyrk handa náttúrufræðingi.**

Eptir tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi til dómsmálastjórnarinnar, sem hingað hefir verið sent til úrskurðar, dags. 27. septembr. f. á., leggur stjórnarráðið samþykki á, að sá 80 ríkisdala styrkur, sem þér hafið látið borga Hannesi prestaskólakennara Árnasyni úr jarðabókarsjóðnum, til ferðar hans á Íslandi sem náttúrufræðings í sumar er leið, megi ganga af þeim 4000 rd., sem eru til færðir í fjárlögnum í 9. grein G. c.